

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar
Stofnað 28. apríl 1945



Pinggerð
53. þings ÍBH

Haldið fimmtudaginn 11. maí 2023
í Hásölum

Dagskrá þingsins var samkvæmt 11. grein laga ÍBH.

Þingsetning

Hrafnkell Marinósson, formaður ÍBH býður gesti velkomna, flytur ávarp og setur þingið.

Steinn Jóhannsson kjörinn 1. þingforseti og Valdimar Svavarsson kjörinn 2. þingforseti.

Arnfríður Arnardóttir kjörin 1. þingritari og Aðalsteinn Valdimarsson kjörinn 2. þingritari.

Karl Georg Klein, Þröstur Erlingsson og Sigurjón Andersen kjörnir í kjörbréfanefnd.

Skýrsla stjórnar ÍBH 2021 og 2022

Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH flytur skýrslu stjórnar.

Ársreikningar ÍBH og Afrekssjóðs ÍBH 2021 og 2022.

Ragnar Hilmarsson gjaldkeri stjórnar ÍBH kynnir ársreikninga.

Nefndir stjórnar gefa skýrslu

Íþróttakynningar og samfélagsmiðlar - Aðalbjörg Óladóttir, kynnti störf nefndarinnar. Nefndin lagði til að einfalda aðgengi að upplýsingum um starfsemi íþróttafélaga í Hafnarfirði, það væri einn staður á vef Hafnarfjarðarbæjar þar sem upplýsingar um starfsemi íþróttafélaga væru aðgengilegar bæjarbúum á íslensku og erlendum tungumálum. Búið er að setja inn svæði á vef bæjarins sem heitir Íþróttir og tómstundir, þar sem félög geta skráð upplýsingar um starf sitt og íbúar geta aflað sér upplýsinganna. Þá stóð nefndin fyrir kynningu um notkun samfélagsmiðla og var það Tryggvi frá Datera sem hélt erindi um þau mál. Þá kynnti Ólafur frá SH podcast sem hann heldur úti.

Hreyfipjálfun aldraðra – Már Sveinbjörnsson kynnti störf nefndarinnar. Samstarf við Hafnarfjarðarbæ og Félag eldri borgara í Hafnarfirði. Tillaga liggur fyrir þingið um hreyfipjálfun eldri borgara.

Fjármögnun íþróttafélaga í Hafnarfirði – Ragnar Hilmarsson kynnti störf nefndarinnar. Nefndin var stofnuð 2017, greiningarvinna og kynning fyrir bæjarráði 2018. Ragnar fór yfir glærुकynningu. Tillaga nefndarinnar var að stofna sérstakan Afrekssjóð sem ætlað er að styrkja okkar fremsta afreksfólk með fjárstyrkjum. Sjóðurinn yrði fjármagnaður af fyrirtækjum og Hafnarfjarðarbæ. Verkefnið var sett á ís þegar heimsfaraldur skall á en stefnt er að því að taka upp þráðinn.

Fyrirmyndarfélag ÍSÍ – Anna Lilja Sigurðardóttir, kynnti niðurstöðu nefndarinnar sem var að mikill samhljómur er milli gæðaviðmiða þjónustusamnings Hafnarfjarðarbæjar og skilyrðum fyrir því að fá staðfestingu á Fyrirmyndarfélagi ÍSÍ. Því ætti ekki að vera mikil hindrun fyrir hafnfirsk félög að sækja um að vera Fyrirmyndarfélag ÍSÍ. ÍBH hvetur aðildarfélag til að kynna sér kröfurnar á vef ÍSÍ og hefja vegferð að Fyrirmyndarfélagi ÍSÍ.

Ávörp gesta

Valdimar Víðisson formaður bæjarráðs, flytur ávarp.

Flytur hreyfingunni þakkir fyrir ötult starf sem oftast er unnið af sjálfboðaliðum. Fjölbreytni í íþróttastarfi er mikil í Hafnarfirði og hefur bærinn stutt vel við félögin. Markmið að efla íþróttalíf og samvinnu.

Jóhann Steinar Ingimundarson formaður UMFÍ flytur ávarp. Fagnar inngöngu ÍBH í UMFÍ og fjallar um þörf fyrir að styrkja íþróttahéruð svo styrkja megi starfsemi íþróttafélaga. Skrifstofur UMFÍ fluttu úr húsnæði sínu á Engjavegi, í íþróttamiðstöðina í Laugardal þar sem ÍSÍ og mörg sérsambönd eru til húsa. Segir stuttlega frá landsmótum og öðrum viðburðum sem UMFÍ stendur fyrir s.s ungmennabúðum. Flytur kveðju frá stjórn og starfsmönnum UMFÍ til ÍBH fyrir góð og óeigingjörn störf.

Fulltrúi ÍSÍ – Hörður Þorsteinsson

Færir kveðjur frá forseta ÍSÍ og þakkir til Hauka fyrir að hýsa Íþróttaping ÍSÍ 2023. Fjallar um mikilvægi tólmstundastyrks og mikilvægi þess að setja fjármagn í uppbyggingu íþróttamannvirkja. Fjallar um mikilvægan stuðning stjórnvalda í covid og að barna- og menntamálaráðherra hafi tryggt fjármagn frá Vinnuálastofnun sem hjálpaði íþróttafélögum að halda ráðningasambandi við starfsfólkið sitt. Fjallar um loforð stjórnmalamanna að auka fjármagn í afrekssjóð ÍSÍ. Íþróttahéruð hafa ekki fengið mikinn fjárhagsstuðning og eru vanfjármögnuð, nýtt skipulag íþróttahéraða mun bæta stöðu þeirra.

Valgerður Sigurðardóttir, formaður félags eldri borgara í Hafnarfirði (FEBH).

Kynnir starfsemi félagsins. Færir íþróttafélögum og Hafnarfjarðarbæ þakkir fyrir aðstöðu í íþróttamannvirkjum bæjarins, það er ómetanlegur stuðningur fyrir starfið.

Formaður kjörnefndar fer yfir kjörbréf

Karl Georg Klein fer yfir kjörbréf og mætingu þingfulltrúa.

Fimleikafélag Hafnarfjarðar 7 – 7 mættir.

Knattspyrnufélagið Haukar 7 – 7 mættir.

Sundfélag Hafnarfjarðar 4 – 4 mættir.

Golfklúbburinn Keilir 7 – 6 mættir.

Fimleikafélagið Björk 7 – 4 mættir.

Hestamannafélagið Sörli 5 – 4 mættir.

Siglingaklúbburinn Þytur 4 – 4 mættir.

Íþróttafélagið Fjörður 2 – 2 mættir.
Badmintonfélag Hafnarfjarðar 4 – 4 mættir.
Golfklúbburinn Setberg 4 – 4 mættir.
Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar 2 – 2 mættir.
Kvartmíluklúbburinn 7 – 4 mættir.
Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar 2 – 1 mættur.
Hjólreiðafélagið Bjartur 2 – 1 mættur.
Bogfímifélagið Hrói Höttur 2 – 2 mættir.
Brettafélag Hafnarfjarðar 6 – 6 mættir.
Blakfélag Hafnarfjarðar 2 – 2 mættir.
Tennisfélag Hafnarfjarðar 2 – 2 mættir.
Siglingafélagið Hafliði 2 – 2 mættir.
78 þingfulltrúar voru skráðir á þingið en 68 mættu.

Umræða um og afgreiðsla ársreikninga og ársskýrslna

Sigurður P. Sigmundsson tekur til máls nefnir að frjálsíþróttadeild FH hafi fengið á síðustu Viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar 11 styrki eða 3,3 m.kr sem deildin nýtti í afreksstarf. Greinir frá því að íþróttafulltrúi bæjarins hafi lagt til að endurskoða þessa afreksstyrki sem Íþrótt- og tómstundanevnd samþykkti, sem leiddi til verulegrar lækkunar þeirra. Að mati Sigurðar er bærinn að draga úr stuðningi við afreksstarf, spyr hvort það sé vilji ÍBH, er það vilji Hafnarfjarðarbæjar? Er þetta krafa um sparnað? Svör íþróttafulltrúa eru að svo sé ekki. Ástæðan sé að gagnrýni hafi komið frá íþróttahreyfingunni um að úthlutun styrksins hafi falið í sér mismunun. Eftir að hann hafði vakið máls á þessu var ákveðið að endingu að íþróttakona og karl Hafnarfjarðarbæjar væri veittur 500 þús. kr. styrkur hvoru fyrir sig og að félög sem yrðu Íslands-, bikar- eða deildarmeistarar í efstu deild efsta flokks myndu fá 400 þús. kr. styrk á titil, hver deild í karla- og kvennaflokki getur mest þrisvar sinnum á ári fengið þann styrk.

Pétur Th. Pétursson tekur til máls, tvennt í skýrslunni, nýtt félag Siglingafélagið Hafliði var samþykkt sem aðildarfélag. Spyr hvort að það sé þannig að hægt sé að stofna félag án þess að starfsemi eða umfang sé metið og hvort að það sé lausn í deilum innan félaga að stofna nýtt félag. Spyr hvort ekki séu nein viðmið um aðild. Pétur Th. greinir frá því að hann hafi stofnað Siglingaklúbbinn Þyt og telur að hann hafi lagt ca. 12 ársstörf í uppbyggingu félagsins. Vill meina að stjórnarmenn ÍBH gangi ekki erinda hreyfingarinnar, heldur eigin hagsmuna, t.d. séu varamenn ekki kallaðir inn á stjórnarfundi.

Þingforseti ber skýrsluna fram til samþykktar þingsins. Skýrslan samþykkt samhljóða. *Samþykkt – þingskal 1.*

Þingforseti ber reikningana fram til samþykktar þingsins. Ársreikningar samþykktir samhljóða. *Samþykkt – þingskal 2.*

Tillaga borin upp um fastanefndir og fastamenn í þeim

Valdimar Svavarsson kynnr nefndir og staðsetningu þeirra. Allsherjarnefnd, laganefnd, íþróttanefnd og fjárhagsnefnd.

Fastamenn í allsherjarnefnd voru eftirtaldir: Ólafur Þór Ágústsson (formaður) (Keilir), Hörður Svavarsson (Björk), Magnús Gunnarsson (Haukar), Viðar Halldórsson (FH), Atli Már Ingólfsson (Sörli), Jóhann Óskar Borgþórsson (BFH), Atli Már Sigurðsson (DÍH), Hörður Þorsteinsson (BH), Högni Friðþjófsson (GSE), Markús Elvar Pétursson (Þytur), Sveinn Stefánsson (Bogfímifélagið Hrói Höttur) og Gunnar Geir Halldórsson (Siglingafélagið Hafliði).

Fastamenn í fjárhagsnefnd voru eftirtaldir: Ragnar Hilmarsson (formaður) (Siglingafélagið Hafliði), Ingimar Haraldsson (Haukar), Gunnlaugur Sveinsson (FH), Ingimundur Helgason (KK) og Guðbjörg Erna Guðmundsdóttir (Keilir).

Fastamenn í íþróttanefnd voru eftirtaldir: Aðalbjörg Óladóttir (formaður) (SH), Sigurður P. Sigmundsson (FH), Helga Helgadóttir (Haukar), Karl Ómar Karlsson (Keilir), Már Sveinbjörnsson (Keilir), Hinrik Þór Sigurðsson (Sörli) og Anna Lilja Sigurðardóttir (BH).

Fastamenn í laganefnd voru eftirtaldir: Guðrún Bergsteinsdóttir (formaður) (Haukar), Guðrún Sveinsdóttir (FH) og Hafsteinn Þórðarson (Björk).

Kynning á tillögum og málum sem liggja fyrir þinginu og þeim vísað til nefnda.

Fyrir þinginu liggja 6 tillögur, þingforseti las upp tillögur og vísaði til nefnda, sjá lista.

Tillögur og mál sem lögð voru fyrir 53. þing ÍBH 2023

Þingskjal nr.	Tillaga	Flutningsaðili	Vísað til (nafn nefndar)
1.	Skýrsla stjórnar ÍBH 2021 - 2022	Stjórn ÍBH	
2.	Reikningar ÍBH og Afrekssjóðs ÍBH 2021 - 2022	Stjórn ÍBH	
3.	Ályktun um þakkir til bæjaryfirvalda	Stjórn ÍBH	
4.	Ályktun um þakkir til stuðningsaðila	Stjórn ÍBH	
5.	Tillaga um fjárhagsáætlun ÍBH 2023 - 2025	Stjórn ÍBH	Fjárhagsnefndar
6.	Tillaga um breytingar á lögum ÍBH	Stjórn ÍBH	Laganefndar
7.	Tillaga um aukin framboð til heilsueflingar fyrir eldri íbúa	Stjórn ÍBH	Íþróttanefndar
8.	Tillaga um endurskoðun samninga	Stjórn ÍBH	Fjárhagsnefndar

9.	Tillaga um verklagsreglur vegna starfa stjórnar- og starfsmanna í íþróttafélögum	Stjórn ÍBH	Íþróttanefndar
10.	Tillaga um framkvæmdaröð nýrra verkefna í uppbyggingu íþróttamannvirkja 2023 – 2031 lögð fram á 53. þingi ÍBH	Stjórn ÍBH / Allsherjarnefnd ÍBH	Allsherjarnefndar

Samþykkt var að tillögurnar færu til umfjöllunar í nefndir í samræmi við upptalningu og tillögu þingforseta.

Fulltrúi starfshóps um húsnæðismál Brettafélags Hafnarfjarðar - Kynning á niðurstöðu

Hilmar Ingimundarson kynnir skýrslu starfshópsins, skýrslan er aðgengileg á vef Hafnarfjarðarbæjar.

Brettafélag Hafnarfjarðar hefur mikla sérstöðu og er einstakt á landsvísu. Húsnæði félagsins er ónýtt sökum raka, myglu og skorti á viðhaldi af hálfu Hafnarfjarðarbæjar. Því er brýnt að leysa húsnæðisvanda félagsins sem fyrst. Tillögur starfshópsins eru í meginatriðum þær að framtíðar húsnæði Brettafélags Hafnarfjarðar verði á Hamranessvæði og það landssvæði verði skilgreint sem framtíðar íþrótt- og afþreyingasvæði Hafnarfjarðarbæjar þar sem fleiri íþrótt- eða tómstundafélög geti byggt til framtíðar og mögulega samnýtt aðstöðu eða þjónustu.

Nefndarstörf og matarhlé

Kjör formanns ÍBH

Hrafnkell Marinósson endurkjörinn formaður, engin mótframboð bárust og var Hrafnkell kjörinn með lófataki allra þingfulltrúa.

Kosning í stjórn ÍBH tímabilið 2023 – 2025

Stjórn ÍBH sjálfkjörin. Sýlvía Speight gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu, í hennar stað var kjörin Hildur Vilhelmsdóttir, tilnefnd af Fimleikafélaginu Björk.

Eftirtaldir aðilar eru í stjórn ÍBH 2023 – 2025:

Aðalbjörg Óladóttir Sundfélagi Hafnarfjarðar.

Anna Lilja Sigurðardóttir Badmintonfélagi Hafnarfjarðar.

Arnfríður Kristín Arnardóttir Brettafélagi Hafnarfjarðar.

Hildur Vilhelmsdóttir Fimleikafélaginu Björk.

Magnús Gunnarsson Knattspyrnufélaginu Haukum.

Már Sveinbjörnsson Golfklúbbum Keili.

Ragnar Hilmarsson Siglingafélaginu Hafliða.

Viðar Halldórsson Fimleikafélagi Hafnarfjarðar.

Álit nefnda, umræður og atkvæðagreiðslur, tillögur samþykktar eins og þær koma fram hér á eftir.

Samþykktar tillögur á 53. þingi ÍBH

Laganefnd:

Guðrún Bergsteinsdóttir gerði grein fyrir störfum nefndarinnar.

Þingskjal 6.

Breytingar á 8. gr.

8. gr.

Stjórnir aðildarfélaga ÍBH og sérráð skulu fylla út kjörbréf fyrir fulltrúa sína og skila til ÍBH tveimur vikum fyrir þing.

Breytingar á 9. gr.

9. gr.

Þing ÍBH skal háð annað hvert ár fyrir lok aprílmánaðar. Til þingsins skal boða með eins mánaðar fyrirvara bréflega eða á annan sannanlegan hátt, þá sem rétt eiga á þingsetu, sbr. 7. gr. og senda kjörbréfaeyðublöð. Þau mál, sem aðilar ÍBH óska að verði á dagskrá, skulu berast stjórn ÍBH í síðasta lagi tveimur vikum fyrir þingsetningu ásamt tilnefningum til stjórnar ÍBH og framboðum til formanns ÍBH. Einni vöðiku fyrir þingbyrjun skal aðilum send dagskrá þingsins, ársskýrsla, endurskoðaðir ársreikningar, framboð til formanns og stjórnar. Enn fremur þær tillögur, er ákveðið hefur verið að leggja fyrir þingið. Þing ÍBH er lögmætt, ef löglega hefur verið til þess boðað.

Breytingar á 11. gr.

11. gr.

Dagskrá þings ÍBH skal vera þessi:

1. ~~1.~~ Þingsetning.
2. ~~2.~~ Kosning fyrsta og annars þingforseta og fyrsta og annars þingritara.
3. ~~3.~~ Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
4. ~~4.~~ Lagt fram og rætt: Skýrsla stjórnar og ársreikningar og atkvæði greidd um þá.
5. ~~5.~~ Kosnar þrjár fimm manna fastar þingnefndir: Fjárhagsnefnd, allsherjarnefnd og ~~6.5.~~ ~~Í~~þróttanefnd. Einnig skal kjósa fimm manna laganefnd ef lagabreytingar liggja fyrir þinginu.
7. ~~6.~~ Lagt fram og rætt: Skýrslur sérráða.
8. ~~7.~~ Kynning tillagna og mála sem liggja fyrir þinginu og þeim vísað til nefnda.
9. ~~8.~~ Álit nefnda, umræður og atkvæðagreiðslur.
10. ~~9.~~ Kjör formanns ÍBH.
11. ~~10.~~ Kosning í stjórn samkvæmt 15. gr.
 - a. ~~11.~~ ~~a.~~ Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara fyrir ÍBH og þau sérráð sem
 - ekki hafa sérstaka skoðunarmenn.
 - b. ~~b.~~ Kosnið í fastar nefndir, eftir því sem ákveðið verður.
12. ~~11.~~ ~~12.~~ Lýst tilnefningu aðildarfélaga á fulltrúum til íþróttapings og kosnir viðbótarfulltrúar samkvæmt 12. gr. laga ÍSÍ.
13. ~~12.~~ ~~13.~~ Ýmis mál.
14. ~~13.~~ ~~14.~~ Þingslit.

Þing skal standa einn dag. Þingið skal móta stefnu ÍBH, a.m.k. til næstu tveggja ára með því að ákveða þá málaflokka, sem leggja ber áherslu á í starfi bandalagsins. Öllum stærri málum, sem þingið fær til meðferðar skal vísa til nefnda, og taka þær til starfa strax eftir 7. lið. Kosningar mega fara fram með

handauppréttingum, nema þess sé krafist að kosningar séu leynilegar. Kosningarnar skulu þá fara fram með skriflegum hætti. Heimilt er að láta kosningar fara fram með rafrænum hætti. Stjórn skal þó ávallt heimilt að láta kosningar fara fram með rafrænum hætti.

Í sambandi við þingið má flytja erindi og hafa íþróttasýningar, eftir því sem tími er til.

Breytingar á 15. gr.

15. gr.

Hvert félag, sem öðlast hefur full réttindi í bandalaginu hefur heimild til að tilnefna tvo frambjóðendur í stjórn ÍBH, sem ekki mega vera af sama kyni. Kjósa skal átta stjórnarmenn og gæta skal þess að ekki séu fleiri en fimm af sama kyni, einn af hvoru kyni í stjórn ÍBH. Hvert aðildarfélag má eingöngu hafa einn stjórnarmann í stjórn. Kjósa skal átta stjórnarmenn og þar af skulu vera að minnsta kosti þrjú af hvoru kyni.

Breytingar á 16. gr.

16. gr.

Stjórn ÍBH skal sjá um allar framkvæmdir bandalagsins og vinna að málum þess sem felast meðal annars í eftirfarandi:

- ~~a~~—Vinna að sameiginlegum fjármálum, koma styrkbeiðnum á framfæri, varðveita og skipta á milli aðildarféлага því fé sem til þeirra hefur verið veitt sameiginlega.
- ~~b~~—Að hafa forystu aðildarféлага í sameiginlegum félagsmálum og vera fulltrúi aðildarféлага á sameiginlegum vettvangi utan lögsögu ÍBH.
- ~~c~~—Að annast samskipti um íþróttamál við bæjaryfirvöld, þ.m.t. varðandi fjárframlög til rekstrar, styrkveitingar til einstakra verkefna, uppbyggingu íþróttamannvirkja o.s.frv.
- ~~d~~—Að stuðla að uppbyggingu og endurbótum á sameiginlegum íþróttamannvirkjum, og sjá um rekstur og viðhald þeirra, ef ekki er öðruvísi kveðið á um þau.
- ~~e~~—Að annast skipulagningu og úthlutanir á tímum í íþróttamannvirkjum til aðildarféлага.
- ~~f~~—Að annast íþróttaleg sérmál og hagsmuni sérgreinar, ef með þarf, ef sérráð fyrir viðkomandi íþróttagrein er ekki starfandi samkvæmt 8. kafla laga ÍSÍ.
- ~~g~~—Að gangast fyrir stofnun sérráða ef aðildarfélag óska þess.
- ~~h~~—Að vera æðsti aðili varðandi skipulagningu héraðsmóta og hafa úrskurðarvald um hlutgengi þátttakenda í mótum á vegum ÍBH.
- ~~i~~—Að vera umsagnaraðili varðandi íþróttamál, íþróttamannvirki o.s.frv.
- ~~j~~—Að staðfesta lög aðildarféлага og fylgjast með því að starfsemi aðildarfélaganna fari fram samkvæmt gildandi lögum þeirra, lögum ÍBH, lögum ÍSÍ og íþróttalögum. Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund á tilsettum tíma skal stjórn ÍBH, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.
- ~~k~~—Að annast skýrslugerðir um íþróttamál innan Hafnarfjarðar, og kalla eftir ársskýrslum og endurskoðuðum reikningum aðildarféлага.
- ~~l~~—Að fjalla um íþróttir eftir því sem stjórn bandalagsins telur þörf á.

Stjórninni er heimilt að skipa nefndir innan eða utan sinna vébanda, til að sjá um málefni bandalagsins. Stjórnin skal leitast við að nefndir innan þeirra vébanda séu skipaðar einstaklingum af fleiri en einu kyni, af báðum kynjum. Formaður skal kalla saman stjórnarfund a.m.k. einu sinni í mánuði. Að öðru leyti setur stjórnin sér sjálf starfsreglur. Stjórnarfundir eru lögmætir, ef meirihluti stjórnarinnar mætir og fundur hefur verið boðaður samkvæmt starfsreglum. Atkvæði formanns ræður úrslitum, ef atkvæði falla jöfn.

Breytingar á 18. gr.

18. gr.

Stjórn ÍBH skal taka við öllum skýrslum um íþróttamót, sem haldin eru á bandalagssvæðinu, og geyma þær í skjalasafni sínu. Sé mót haldið í sérgrein, þar sem sérráð er ekki til, skal félag það, er fyrir mótinu stendur, senda skýrslu um það beint til stjórnar ÍBH. Sömu skyldur hvíla á stjórn ÍBH ef hún gengst fyrir mótum. Skýrslur um mót skal senda í síðasta lagi einum mánuði eftir að móti er lokið, en sérráð senda skýrslur sínar fyrir 15. apríl [árlegaár hvert](#).

Breytingar á 21. gr.

Ný grein.

21. gr.

Verði ÍBH lagt niður skiptast eignir þess milli aðildarfélaga eftir stærð þeirra, á þann hátt að 40% skal skiptast hlutfallslega til aðildarfélaga eftir fjölda deilda og 60% skiptast hlutfallslega til aðildarfélaga eftir fjölda iðkenda.

Breytingar á 22. gr.

22. gr.

Lögum ÍBH má eigi breyta nema á þingi bandalagsins.

Breytingar á 23. gr.

23. gr.

Lög þessi voru samþykkt 27. apríl 2013 með breytingum sem samþykktar voru á þingi ÍBH 20. maí 2017, ~~og~~ 11. nóvember 2021, 11. maí 2023 og öðlast þegar gildi.

Fjárhagsnefnd:

Ragnar Hilmarsson gerði grein fyrir störfum nefndarinnar.

Nefndin lagði til að þingskjal nr. 5, fjárhagsáætlun ÍBH 2023 – 2025 og þingskjal nr. 8 tillaga um endurskoðun samninga Hafnarfjarðarbæjar við íþróttahreyfinguna í Hafnarfirði yrði samþykkt óbreytt og voru bæði skjölin samþykkt.

Þingskjal 5**Tillaga um fjárhagsáætlun ÍBH 2023 - 2025**

53. þing ÍBH haldið 11. maí 2023 í Hásölum, samþykkir
fjárhagsáætlun ÍBH 2023 – 2025.

Fjárhagsáætlun ÍBH 2023 - 2024 - 2025**Tekjur**

	2023	2024	2025	Samtals
1. Húsaleiga	464,747,330 kr	478,689,750 kr	493,050,442 kr	1,436,487,522 kr
2. Lottó	43,111,309 kr	44,835,762 kr	46,629,192 kr	134,576,263 kr

3. Styrkur til íþróttastarfs 18 ára og yngri				
3.1 Hafnarfjarðarbær	11,000,000 kr	12,000,000 kr		23,000,000 kr
3.2 Rio Tinto	11,000,000 kr	12,000,000 kr		23,000,000 kr
4. Aðrar tekjur				
4.1 Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	6,200,000 kr	6,400,000 kr	6,600,000 kr	19,200,000 kr
4.2 Þjónustusamningur HF	12,673,562 kr	13,307,240 kr	13,972,602 kr	39,953,404 kr
4.3 Íslenskar getraunir	3,916,792 kr	4,230,135 kr	4,568,546 kr	12,715,474 kr
4.4 Ýmsir styrkir vegna sérverkefna	200,000 kr	300,000 kr	400,000 kr	900,000 kr
4.5 Útseldir tímar	2,172,192 kr	2,215,636 kr	2,259,949 kr	6,647,776 kr
4.6 Verkefnatekjur	750,000 kr	750,000 kr	750,000 kr	2,250,000 kr
4.7 Vaxtatekjur	2,400,000 kr	1,200,000 kr	1,000,000 kr	4,600,000 kr
Tekjur samtals	558,171,185 kr	575,928,523 kr	569,230,731 kr	1,703,330,439 kr

Fjárhagsáætlun ÍBH 2023 - 2024 - 2025

Gjöld

	2023	2024	2025	Samtals
1. Húsaleiga	464,747,330 kr	478,689,750 kr	493,050,442 kr	1,436,487,522 kr
2. Lottó	38,800,178 kr	40,352,185 kr	41,966,273 kr	121,118,637 kr
3. Styrkur til íþróttastarfs 18 ára og yngri				
3.1 Hafnarfjarðarbær	11,000,000 kr	12,000,000 kr		23,000,000 kr
3.2 Rio Tinto	11,000,000 kr	12,000,000 kr		23,000,000 kr
4. Önnur gjöld				
4.1 Afrekssjóður ÍBH	2,000,000 kr	2,200,000 kr	2,400,000 kr	6,600,000 kr
4.2 Afmælisgjafir	800,000 kr	800,000 kr	2,000,000 kr	3,600,000 kr
4.3 Skrifstofukostnaður	1,688,315 kr	1,789,614 kr	1,896,991 kr	5,374,920 kr
4.4 Laun, launatengd gjöld og akstur	17,010,022 kr	18,040,223 kr	19,128,637 kr	54,178,882 kr
4.5 Skrifstofuáhöld	60,000 kr	64,800 kr	69,984 kr	194,784 kr
4.6 Fundir og ráðstefnur	519,341 kr	560,888 kr	605,759 kr	1,685,988 kr
4.7 Þing ÍBH	1,000,000 kr	0 kr	1,200,000 kr	2,200,000 kr
4.8 Aðk. Akstur, sími o.fl. aðkeypt vinna	3,053,543 kr	3,114,614 kr	3,176,907 kr	9,345,064 kr
4.9 Endurskoðun bókhalds	854,108 kr	922,437 kr	996,232 kr	2,772,777 kr
4.10 Sérverkefni	200,000 kr	300,000 kr	400,000 kr	900,000 kr
4.11 Ófyrirséð	280,000 kr	300,000 kr	320,000 kr	900,000 kr
Gjöld samtals	553,012,837 kr	571,134,511 kr	567,211,225 kr	1,691,358,573 kr

11,971,866 kr

*Þingskjal 8***Tillaga um endurskoðun samninga Hafnarfjarðarbæjar við íþróttahreyfinguna í Hafnarfirði**

53. þing ÍBH haldið 11. maí 2023 í Hásölum, samþykkir að hvetja Hafnarfjarðarbæ til að endurskoða samninga við íþróttahreyfinguna í Hafnarfirði.

Greinargerð:

Þegar síðasta heildarendurskoðun samninga Hafnarfjarðarbæjar við íþróttahreyfinguna í Hafnarfirði var gerð árið 2016, var byrjað með lægri upphæðir inn í samningunum en í svipuðum íþróttafélögum í nágrennasveitarfélögunum, vegna fjárhagsstöðu sveitarfélagsins, en þó með því lofordi að reynt yrði að leiðrétta samningana á næstu árum. Samningarnir hafa hækkað samkvæmt vísitöluhækkunum sem fjárhagsáætlun bæjarfélagsins hefur unnið með fyrir hver ár. Raunin er sú að samningarnir hafa ekki verið leiðréttir og stuðningurinn er enn of lítill við innra starf félaganna og verkefnum fjölga með hverju ári sem líður. Ennfremur taka samningarnir ekki tillit til þess að stærri íþróttafélögin þurfa að ráða starfsfólk til að reka íþróttastarfið.

Þetta þarf að laga.

Allsherjarnefnd:

Ólafur Þór Ágústsson gerir grein fyrir störfum nefndarinnar. Nefndin fékk þingskjal nr. 10 til umfjöllunar.

Nefndin leggur til að þingskjal nr. 10 verði samþykkt óbreytt og var það samþykkt.

*Þingskjal nr. 10***Tillaga um framkvæmdaröð nýrra verkefna í uppbyggingu íþróttamannvirkja 2023 – 2031 lögð fram á 53. þingi ÍBH.**

Lagt er til að verkefni sem nú þegar eru hafinn og hefur verið samið um við Hafnarfjarðarbæ verði **lokið í samræmi við áætlun** þ.e. bygging nýrrar reiðhalla með félagsaðstöðu og annarri tilheyrandi aðstöðu hjá Hestamannafélaginu Sörla að Sörlastöðum og bygging knatthúss hjá Knattspyrnufélaginu Haukum á Ásvöllum ásamt búningaþstöðu og frágangi á bílastæðum.

Lagt er til að gengið verði til samninga um ný verkefni:

1. Ítrekað er að strax verði farið í vinnu við að leita að hentugu húsnæði fyrir DÍH bæði til kaups eða leigu. Þarfagreining liggur fyrir.
2. 2022-2024 bygging á nýrri æfingaraðstöðu fyrir Brettafélag Hafnarfjarðar. Gert er ráð fyrir að hönnun og annar undirbúningur verði unninn á árinu 2022.

3. 2022-2027 lagður nýr 27 holu golfvöllur fyrir Golfklúbbinn Setberg í samstarfi við Golfklúbbinn Keili og önnur íþróttafélög í Hafnarfirði. Áfram verði unnið að hönnun og öðrum nauðsynlegum undirbúning.
4. 2022-2027 bygging á nýju íþróttahúsi fyrir fimleikafélagið Björk. Gert er ráð fyrir að hönnun og annar undirbúningur fari fram á árinu 2022.

Ályktun vegna liða 1 – 4: 53. þing ÍBH vill leggja áherslu á liði 1 – 4 í þessu skjali og skorar á bæjaryfirvöld að leysa strax úr bráðum vanda hlutaðeigandi félaga. Aðstöðuleysi og útlit fyrir missi aðstöðu eru að setja grundvöll félaganna í uppnám og gæti leitt til þess að félögin þurfi að hætta starfsemi.

5. 2023-2024 breytingar og viðbygging við golfskála Golfklúbbsins Keilis.
6. 2024-2028 ný akstursbraut og tilheyrandi mannvirki fyrir Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar.
7. 2024 malbikun á pittsvæði og uppákeyrslu á kvartmílubraut Kvartmíluklúbbsins.
8. 2025-2028 bygging á nýju íþróttahúsi fyrir badminton og borðtennis fyrir Badmintonfélag Hafnarfjarðar.
9. 2025-2028 bygging á dýfingarlaug við Ásvallalaug fyrir Sundfélag Hafnarfjarðar.
10. 2027-2028 bygging á áhorfendastúku við knattspyrnuvöll Hauka að Ásvöllum ásamt forsal og aðstöðu fyrir karate.
11. 2027-2028 byggja nýtt hús sem samanstendur af tækjageymslu, kennsluáðstöðu fyrir unglिंगastarf og félagsaðstöðu Kvartmíluklúbbsins.
12. 2029 tveir innanhúss tennisvellir fyrir Tennisfélag Hafnarfjarðar.
13. 2030 Siglingafélagið Hafliði óskar eftir aðstöðu fyrir siglingar og að fá viðræður við Hafnarfjarðarbæ um nánari útfærslu.
14. 2031 Bogfímifélagið Hrói Höttur óskar eftir svæði fyrir bogfimi utandyra fyrir markbogfimi og víðavangsbogfimi, samkvæmt reglum WA. Auk þess er óskað eftir húsnæði sem hægt er að nýta allt árið um kring fyrir bogfimi, með getu til að skjóta minnst 50m vegalengd.

Annað:

Finna þarf stað fyrir framtíðar uppbyggingu Hnefaleikafélags Hafnarfjarðar. Núverandi aðstaða er í óviðunandi leiguaðstöðu. Þarfagreining liggur fyrir.

Vegna óska Hafnarfjarðarbæjar er flutningur fyrirhugaður á aðstöðu Siglingaklúbbsins Þyts. Þess vegna er ný aðstaða á uppfyllingu við Drafnargarðinn óháð forgangsröðun íþróttamannvirkja í Hafnarfirði enda verði núverandi aðstaða að Strandgötu 88 ekki takmörkuð fyrr en ný aðstaða er fullklár.

Íþróttahreyfingin í Hafnarfirði leggur áherslu á að þegar byggð verði ný íþróttamannvirki við skóla verði leitast við að samnýta þau mannvirki með íþróttafélagunum.

Íþróttanefnd:

Aðalbjörg Óladóttir gerði grein fyrir störfum nefndarinnar. Nefndin fékk til umfjöllunar þingskjal nr. 7 tillaga um aukin framboð til heilsueflingar fyrir eldri íbúa og þingskjal nr. 9 tillaga um verklagsreglur vegna starfa stjórnar- og starfsmanna í íþróttafélögunum. Nefndin lagði til að samþykkja þingskjalið nr. 7 með breytingu, þ.e. bætt var við greinargerðina: Athuga skal að vinna könnunina í samráði í FEBH og fá þau með í að kynna það að könnun verði send út og hvetja til þess að svara. Þingskjal nr. 7 var samþykkt með breytingu. Nefndin lagði til að samþykkja þingskjalið nr. 9 óbreytt. Þingskjal nr. 9 samþykkt.

*Þingskjal nr. 7***Tillaga um aukin framboð til heilsueflingar fyrir eldri íbúa**

53. þing ÍBH haldið 11. maí 2023 í Hásölum, samþykkir að hvetja aðildarfélög ÍBH til að bjóða upp á heilsueflandi námskeið fyrir eldri íbúa.

Geinargerð:

Eldri íbúar eru í auknu mæli farnir að sækja námskeið undir stjórn fagaðila til að efla bæði heilsuvitund og hreysti. Þessi námskeið hafa staðið yfir í afmarkaðann tíma. Þegar þeim er lokið þarf einstaklingurinn að halda þjálfun áfram á eigin vegum eða leita í nýtt framboð hjá nýjum aðila. Mikilvægt er að íþróttahreyfingin í Hafnarfirði afli sér upplýsinga frá eldri íbúasamfélaginu hverju sinni um óskir um hreyfiframboð sem þau hefðu áhuga á að taka þátt í innan aðildarfélaga ÍBH. ÍBH mun fara þess á leit við bæjaryfirvöld að send verði skoðanakönnun til eldri borgara í Hafnarfirði þar sem spurt er út í óskir þeirra og hugmyndir á skipulagðri hreyfingu fyrir eldri borgara innan aðildarfélaga ÍBH. Niðurstaða könnunarinnar yrði svo afhent aðildarfélögum ÍBH sem gætu þá athugað með að setja upp námskeið / æfingar sniðnar að eldri borgurum. Athuga skal að vinna könnunina í samráði í FEBH og fá þau með í að kynna það að könnun verði send út og hvetja til þess að svara.

*Þingskjal nr. 9***Tillaga um verklagsreglur vegna starfa stjórnar- og starfsmanna í íþróttafélögum**

53. þing ÍBH haldið 11. maí 2023 í Hásölum, samþykkir að hvetja aðildarfélög ÍBH til að setja sér skýrar starfsreglur varðandi störf stjórnar- og starfsmanna sem þeir sinna fyrir félögin.

Greinargerð:

Undanfarin misseri hafa stjórnarmenn íþróttafélaga fengið á sig kærur vegna atvika sem hafa komið upp í tengslum við ýmsa viðburði sem félögin hafa m.a. verið ábyrgðaraðilar að. Má gera ráð fyrir því að slíkt letji fólk til að taka að sér störf og sjálfboðaliðastörf fyrir félögin. Mikilvægt er að hvert félag fari yfir stöðuna í sínu félagi og setji sér starfsreglur eða endurskoði reglulega þær verklagsreglur sem þegar eru til staðar, í þeim tilgangi að auka öryggi allra sem kom að íþróttastarfinu.

Þingforsetar báru þingskjal nr. 3 *ályktun um þakkir til bæjaryfirvalda* og þingskjal nr. 4 *ályktun um þakkir til stuðningsaðila* upp við þingið og voru þær samþykktar samhljóða.

Þingskjal nr. 3

Ályktun um þakkir til bæjaryfirvalda í Hafnarfirði

53. þing ÍBH haldið 11. maí 2023 í Hásölum, þakkar bæjaryfirvöldum í Hafnarfirði stuðninginn við íþróttastarf aðildarfélaganna ÍBH. Aðildarfélag ÍBH hvetja bæjaryfirvöld til þess að halda áfram á sömu braut svo íþróttastarfið nái að vera til fyrirmyndar og verði Hafnfirðingum til sóma.

Þingskjal nr. 4

Ályktun um þakkir til stuðningsaðila íþróttahreyfingarinnar í Hafnarfirði

53. þing ÍBH haldið 11. maí 2023 í Hásölum, þakkar stuðningsaðilum íþróttahreyfingarinnar í Hafnarfirði fyrir gott samstarf og mikilvægann stuðning við hina ýmsu þætti íþróttastarfsins. Þingið hvetur fleiri stuðningsaðila til þess að leggja starfi íþróttafélaganna og ÍBH lið.

Kjör tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara

Skúli Valtýsson aðalmaður og Ingimar Haraldsson til vara.

Ingvar Viktorsson aðalmaður og Kristinn Guðlaugsson til vara.

Kosning fulltrúa á ÍSÍ þing

Þingið fór fram 4.-5. maí sl. og því ekki þörf á að kjósa fulltrúa.

Önnur mál

Valgerður Sigurðardóttir formaður Félags eldri borgara í Hafnarfirði færir formanni ÍBH fána félagsins í þakklætisskyni fyrir samstarf og stuðning við félagið.

Aðalbjörg Óladóttir bendir þingfulltrúum á í kjölfar umræðna fyrr á þinginu að leggja fram breytingatillögur eða ályktanir á þinginu til umræðu og samþykktar, vilji þeir hafa áhrif á umhverfi aðildarfélaganna. Þingið er vettvangur þeirra til að hafa áhrif.

Heiðursviðurkenningar ÍBH veittar

Samþykktar heiðranir voru veittar á 53. þingi ÍBH 11. maí 2023. Hrafnkell

Marínósson, Viðar Halldórsson og Anna Lilja Sigurðardóttir veittu aðilum innan aðildarfélaganna ÍBH heiðursmerki ÍBH.

Eftirtaldir aðilar hlutu gullmerki ÍBH, Ragnar Hilmarsson Siglingafélagið Hafliði, Sveinn Sigurbergsson Golfklúbburinn Keilir, Inga Magnúsdóttir Golfklúbburinn Keilir, Úlfar Jónsson Golfklúbburinn Keilir, Bergsteinn Hjörleifsson Golfklúbburinn

Keilir, Arnar Borgar Atlason Golfklúbburinn Keilir, Hlín Ástþórsdóttir Sundfélagi Hafnarfjarðar, Sigurður Óli Guðmundsson Sundfélagi Hafnarfjarðar, Ísleifur Bergsteinsson Knattspyrnufélagið Haukar, Árni Sverrisson Knattspyrnufélagið Haukar, Samúel Guðmundsson Knattspyrnufélagið Haukar, Skúli Valtýsson Knattspyrnufélagið Haukar, Hörður Davíð Harðarson Knattspyrnufélagið Haukar, Kristján Ó. Davíðsson Knattspyrnufélagið Haukar, Valdimar Óskarsson Knattspyrnufélagið Haukar, Sigfús Tómasson Knattspyrnufélagið Haukar, Helgi Freyr Kristinsson Fimleikafélag Hafnarfjarðar, Kristinn Guðlaugsson Fimleikafélag Hafnarfjarðar og Sólveig Kristjánsdóttir Fimleikafélag Hafnarfjarðar.

Eftirtaldir aðilar hlutu silfurmerki ÍBH, Guðbjörg Sigurðardóttir Golfklúbburinn Keilir, Þórdís Geirsdóttir Golfklúbburinn Keilir, Guðrún Brá Björgvinsdóttir Golfklúbburinn Keilir, Björgvin Sigurbergsson Golfklúbburinn Keilir, Kristín Elsa Erlendsdóttir Golfklúbburinn Keilir, Guðbjörg Erna Guðmundsdóttir Golfklúbburinn Keilir, Axel Bóasson Golfklúbburinn Keilir, Hörður Geirsson Golfklúbburinn Keilir, Sigurjón Sigurðsson Golfklúbburinn Keilir, Kristján Þór Henrysson Golfklúbburinn Keilir, Sveinbjörn Hinriksson Golfklúbburinn Keilir, Pétur Gærdþó Árnason Golfklúbburinn Keilir, Magnús Hjörleifsson Golfklúbburinn Keilir, Örn Hrafnkelsson Hjólreiðafélagið Bjartur, Ana Tepavcevic Sundfélagi Hafnarfjarðar, Davíð Jónatansson Sundfélagi Hafnarfjarðar, Magnús Kár Óttarsson Sundfélagi Hafnarfjarðar, Tómas Gísli Guðjónsson Sundfélagi Hafnarfjarðar, Ragnheiður Birna Björnsdóttir Sundfélagi Hafnarfjarðar, Pálmey Magnúsdóttir Sundfélagi Hafnarfjarðar, Helena Dögg Olgeirsdóttir Sundfélagi Hafnarfjarðar, Kristín Þorgeirsdóttir Hestamannafélagið Sörli, Dagbjört Hulda Guðbjörnsdóttir Hestamannafélagið Sörli, Hinrik Þór Sigurðsson Hestamannafélagið Sörli, Sigurður Pétur Sigmundsson Fimleikafélag Hafnarfjarðar, Trausti Stefánsson Fimleikafélag Hafnarfjarðar og Úlfar Linnet Fimleikafélag Hafnarfjarðar.

Þingslit

Formaður þakkar starfsmönnum þingsins, ÍBH, aðildarfélögunum og sjálboðaliðum fyrir sitt starf. Þakkar Fjarðarfréttum sérstaklega fyrir umfjöllun um íþróttamál, umfjöllun og umræða um íþróttastarf er mikilvægt.

Formaður slítur 53. þingi ÍBH.

Eftir þingið var móttaka á Fjörukránni fyrir þingfulltrúa og gesti í boði Hafnarfjarðarbæjar.

Rio Tinto

*Stuðningsaðili barna- og unglíngastarfs
aðildarfélaganna ÍBH*